



**98. Fundur bæjarráðs Blönduósarbæjar  
fimmtudaginn 30. janúar 2014, kl. 15:00.**

**Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

---

**Dagskrá:**

1. Fundargerðir:
  - a) stjórnar Hafnasambands Íslands frá 17. janúar 2014
2. Bréf frá Vilko ehf. dags. 9. janúar 2014
3. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags
4. Önnur mál

---

**Afgreiðslur:**

1. **Fundargerðir:**
  - a) **stjórnar Hafnasambands Íslands frá 17. janúar 2014**  
*Lögð fram til kynningar*
2. **Bréf frá Vilko ehf. dags. 9. janúar 2014**  
*Á hluthafafundi Vilko ehf. sem haldinn var þann 18. desember 2013 var m.a. ákveðið að auka hlutafé félagsins. Blönduósarbæ er boðið að nýta forkaupsrétt sinn í hlutabréfum í hlutfalli við hlutafjáreign í félaginu Vilko ehf.*  
  
*Bæjarráð hafnar því að Blönduósarbær nýti forkaupsrétt sinn.*
3. **Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags**  
*Fært í trúnaðarbók*
4. **Önnur mál**
  - a) **Bréf frá Leið ehf.**  
*Með bréfi, dags. 7. júní 2013, kvartaði Leið ehf. til Umboðsmanns Alþingis yfir gerð og staðfestingu aðalskipulags Blönduósarbæjar. Niðurstaða umboðsmanns var á þá leið að kvörtunin gefi ekki tilefni til umfjöllunar né gerir engar athugasemdir við undirbúning og staðfestingu aðalskipulags Blönduósarbæjar 2010-2030.*

*Bæjarstjóri greindi frá stöðu mála varðandi gagnaver, biodísel framleiðslu á Blönduósi og þekkingarsetrið á Blönduósi.*



## Bæjarráð Blönduósarbæjar

*Ágúst Þór Bragason, yfirmaður tæknideildar ásamt byggingafulltrúa mættu á fundinn og fóru yfir fyrirhugaðar framkvæmdir við Félagsheimilið á Blönduós.*

*Lagt fram til kynningar.*

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið 17:50*

*Zophonías Ari Lárusson (sign.)  
Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)  
Þórdís Hauksdóttir (sign.)*